

36

Ákvæði til bráðabirgða.

14. maí Á árinu 1955 skulu sömu aðilar sem fyrr annast viðhald þeirra vega og vegakafla, sem bætt er í tölu þjóðvega með lögum þessum.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.

37

L Ö G

14. maí

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Verksmiðjurnar skulu greiða $\frac{1}{2}\%$ af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar. Þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár. Skal verksmiðjugjaldið áætlað í fjárhagsáætluninni, áður en útsvör eru ákveðin. Þar til lokið er endurskoðun á lög-gjöfinni um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, skal gjald síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði til bæjarsjóðs Siglufjarðar þó aldrei vera minna en kr. 100000.00.

Nú er skipt hreppi, þar sem verksmiðja er starfrækt, og miðast þá hámark verksmiðjugjaldsins við samanlagðar útsvarsupphæðir hinna nýju hreppa, en greiðist eingöngu þeim hreppi, þar sem verksmiðjan er starfandi.

Verksmiðjurnar greiða ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 51 27. júní 1941 og lög nr. 48 14. apríl 1943.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1955

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.